

REGLUGERÐ

um veitingu veiðileyfa til nýrra og nýkeyptra fiskiskipa.

1. gr.

Við veitingu veiðileyfa til íslenskra fiskiskipa 10 brl. og stærri koma aðeins til greina þau fiskiskip, sem botnfiskleyfi fengu á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, ennfremur ný og nýkeypt skip hverfi önnur sambærileg úr rekstri.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar, hvort um sambærileg skip sé að ræða skv. 1. gr. og við mat á því skal leggja til grundvallar rúmtölu skipa, sem er margfeldi eftirgreindra hönnunarmála:

1. Lóðlínulengdar, sem er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.
2. Mótaðrar breiddar, sem er mesta breidd á miðbandi. Þversnið skipsgrindar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.
3. Mótaðrar dýptar, að neðra þilfari, sem er lóðrétt fjarlægð frá neðra punkti miðbands við kjöl að efri brún þilfarsbita við byrðing.

3. gr.

Rúmtala hins nýja skips má aldrei vera hærri en rúmtala þess skips sem hverfur úr rekstri, að viðbættum 100 m³ auk 25% álags á þá samtölu. Rúmtala hins nýja skips skal þó aldrei vera meiri en 60% hærri en rúmtala þess skips, er hverfur úr rekstri.

4. gr.

Við útreikning samkvæmt 2. gr. skal byggt á gögnum tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðisjóðs Íslands. Við útreikning vegna skipa, sem hverfa úr rekstri, skal miða við upphafleg hönnunarmál þeirra, að viðbættri miðjulengingu, enda hafi hún verið framkvæmd fyrir 1. janúar 1986.

Heimilt er að meta það sérstaklega, ef lögun skipsins er ekki hefðbundin. Sama gildir þegar miklum vandkvæðum er bundið að finna hönnunarmál skv. 2. gr.

5. gr.

Eigi reglur 1.—3. gr. ekki við vegna þess að nýtt eða nýkeypt skip, er annarrar gerðar en skip það er hverfur úr rekstri, skal meta afkastagetu og aflamöguleika skipsins sérstaklega.

6. gr.

Heimilt er með samþykki ráðuneytisins að taka tvö eða fleiri skip úr rekstri fyrir eitt nýtt. Við útreikning á endurnýjunarheimildum skal rúmtala þeirra skipa, er hverfa úr rekstri lögð saman, síðan skal 100 m³ og 25% álagi bætt við þá samtölu sbr. 3. gr. Rúmtala hins nýja skips skal þó aldrei vera meiri en 60% hærri en samanlögð rúmtala þeirra skipa, er hverfa úr rekstri.

7. gr.

Séu heimildir 3. gr. til stækkunar vegna endurnýjunar skips ekki fullnýttar, er ekki heimilt að nýta það sem umfram er vegna annars skips.

Ráðuneytinu er þó heimilt, hafi verið gerður samningur við skipasmíðastöðvar um raðsmíði þriggja eða fleiri skipa að víkja frá ákvæði 1. mgr., enda séu skip þau, sem hverfa úr rekstri, sambærileg og jafnmörg þeim sem smíðasamningur er gerður um. Um heimild þessa skal setja nánari reglur í samráði við Fiskveiðasjóð Íslands.

8. gr.

Aðeins er heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðiheimildir samkvæmt 1. gr. í stað skips er hverfur úr rekstri, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Hið eldra skip hafi endanlega verið strikað út af skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins eftir 1. janúar 1985.
2. Skip það, sem strikað er út af skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins, hafi a.m.k. síðustu tólf mánuði fyrir útstrikun af skipaskrá verið í þinglýstri eigu og rekstri þeirra aðila, sem hið nýja skip eiga. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu, að fenginni umsógn Fiskveiðasjóðs Íslands.

9. gr.

Við yfirfærslu veiðiréttinda milli skipa skal hinu nýja skipi í eigu sama aðila úthlutað sömu veiðiréttindum, sem hið eldra skip hefði fengið, enda fullnægi hið nýja skip þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir úthlutun þeirra veiðiréttinda.

10. gr.

Óheimilt er, án sérstaks leyfis ráðuneytisins að breyta nýjum og nýkeyptum skipum, sem veiðileyfi fá fyrst eftir 1. janúar 1986, þannig að mál þeirra sbr. 2. gr. aukist. Veiti ráðuneytið slík leyfi skal það gert með því skilyrði, að veiðiréttindi þeirra aukist ekki.

11. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka aðeins til skipa, sem eru 10 brl. eða stærri. Óheimilt er að veita nýju eða nýkeyptu skipi 10 brl. eða stærra veiðileyfi í stað báts eða báta, sem eru minni en 10 brl.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988—1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988—1990 og laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 51, 4. febrúar 1987, um veitingu veiðileyfa til nýrra og nýkeyptra skipa ásamt síðari breytingu nr. 139 31. mars 1987.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar getur ráðuneytið beitt eldri starfsreglum við mat á því, hvort um sambærileg skip sé að ræða skv. 1.—3. gr., enda hafi fyrir gildistöku reglugerðar þessarar Fiskveiðisjóði Íslands borist umsókn um lán vegna kaupa eða smíði á nýju skipi. Umsóknum um lán skulu fylgja samningar um kaup eða smíði, fyrirkomulags- og útlitsteikningar ásamt smíðalýsingu, ef um nýsmíði er að ræða.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. febrúar 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Jón B. Jónasson.